

Innviðaráðuneytið

Sölvhólgata 7

101 Reykjavík

Hólmavík 07.06.23

### **Efni: Athugasemdi við skipan í Tómsunda-, íþrótt- og menningarnefnd (TÍM)**

Með vísan í bréf ráðuneytisins frá 26. maí sl. undirritað Jóhönnu Sigurjónsdóttur, fyrir hönd innviðaráðuneytis, um meinta ólögmdæta stjórnsýslu sveitarfélagsins Strandabyggðar, nánar tiltekið að skipun í fastanefndir sveitarfélagsins hafi ekki verið í samræmi við 44. gr. sveitarstjórnarlaga, nr. 138/2011, varðandi kynjaskiptingu í nefndum. Hefur ráðuneytið ákveðið að taka til skoðunar hvort að ástæða sé til að fjalla formlega um stjórnsýslu sveitarfélagsins á grundvelli 112. gr. sveitarstjórnarlaga.

### **Greinargerð.**

Í kjölfar kosninga er skipað í fastanefndir sveitarfélagsins, sem eru samtals fimm. Skipaðir eru fimm aðalmenn og fimm varamenn. Tveir listar skipa sveitarstjórn Strandabyggðar og þurfti því að finna fulltrúum þeirra stað í öllum þessum nefndum. Um er að ræða 22 aðalmenn og 22 varamenn eða 44 íbúa sem væru viljugir til að takast á við þá ábyrgð að sitja í nefndum. 44 einstaklingar er nokkuð hátt hlutfall af íbúum Strandabyggðar, eða um 10% og enn hærra þegar aðeins er litið til íbúa á þeim aldri sem henta í nefndirnar og er rétt að hafa þetta í huga.

Sveitarstjórn var vel meðvituð um þann vanda að finna rétt kynjahlutföll. Í sumum nefndum náðist það betur en í öðrum. Hafa ber í huga, að reynt er að fá fólk í nefndirnar sem a) hefur áhuga á málflokki viðkomandi nefndar og b) er tilbúið að taka á sig þá ábyrgð sem þessu fylgir.

Í upphaflegri TÍM nefnd sátu fimm konur sem aðalmenn, en meðal varamanna voru tveir karlmenn. Skiptingin var því 8 konur og 2 karlar. Í öðrum nefndum sveitarfélagsins er hlutfallið eftirfarandi:

- Atvinnu-, dreifbýlis og hafnarnefnd: 5 karlar og 5 konur
- Fræðslunefnd: 6 konur og 4 karlar
- Umhverfis- og skipulagsnefnd: 6 karlar og 4 konur
- Velferðarsvið: 3 konur og einn karl. Þar eru aðeins fjórir fulltrúar (tveir aðalmenn og tveir varamenn), þar sem nefndin er einnig skipuð fulltrúum Kaldrananeshrepps og Árneshrepps.

Í TÍM nefnd eins og hún er skipuð í dag, eru aðalmenn 3 konur og 2 karlar og meðal varamanna eru 3 konur, en eftir er að skipa nýja varamenn. Einn fulltrúi í upphaflegri nefnd, Þórdís Karlsdóttir, bað um leyfi frá nefndarstörfum vegna náms erlendis (sjá umfjöllun síðar) og við það færðist karlkyns varamaður upp. Þá sagði annar kvenkyns fulltrúi sig frá nefndarstörfum í vetur út kjörtímabilið og við það færðist annar karkyns fulltrúi upp. Þórdís mun án efa taka sæti sitt aftur í haust, enda námi erlendis lokið. Við það færðist

karlkyns aðalmaður niður og verður varamaður. Síðan þarf að skipa einn varamann í viðbót og verður það karlmaður.

Heilt yfir má segja að kynjahlutföllin séu í nokkuð góðu standi, þó það halli á karlmenn. TÍM nefndin er sérstakt mál og sannarlega óheppilegt, en þarna fengust einfaldlega ekki nægilega margir karmenn með viðeigandi reynslu, áhuga og bakgrunn í verkefnið.

Í innsendri kvörtun, er minnst á að þann 13. september hafi erindi frá Þórdísi Karlsdóttur verið tekið fyrir, en hún sótti um tímabundna lausn frá nefndarstörfum vegna náms erlendis. Gerð er athugasemdi við þessa stjórnvísu og einnig að ekki komi fram í fundargerð, úr hvaða nefnd Þórdís fær leyfi, né hversu lengi. Allt kom þetta þó fram á sveitarstjórnarfundinum og má heyra það og sjá í upptökum af honum. Í þeim fundargögnum sem lögð voru fram á þessum fundi, er beiðni Þórdísar og þar kemur þetta skýrt fram. Það fundargagn er í viðhengi með þessari greinargerð.

Beiðni Þórdísar hljóðar svo: *„Beiðni um leyfi frá störfum í tómstunda-, íþrótt- og menningarnefnd Strandabyggðar Ég undirrituð, Þórdís Karlsdóttir, kt 031291-3729 óska hér með eftir leyfi til eins árs frá nefndarsetu í TÍM nefnd vegna náms erlendis. Ég get tekið sæti aftur í nefndinni að loknu námi í júlí 2023. Með kveðju Þórdís Karlsdóttir“*

Það lá því alltaf skýrt fyrir hvers konar leyfi sveitarstjórn var að veita Þórdísi, úr hvaða nefnd og til hvaða tíma. Sjálfsagt hefði mátt orða þetta skýrar í fundargerð, en það gátu þó allir sem vildu vita, áttað sig á eðli máls.

Einnig er gerð athugasemd við að ekki hafi verið skipaður varamaður. Varamenn eru til staðar og færast upp, sé þeirra óskað. Þetta var einnig rætt á fundinum og þar kom skýrt fram, að rætt hafði verið við þann varamann sem tók sæti Þórdísar.

Þá kemur eftirfarandi málsgrein: *„Ef ég skil lögin rétt er heldur ekki gert ráð fyrir því að einstaklingur sem hvorki er aðal- eða varamaður í sveitarstjórn sækir um leyfi eða sé veitt leyfi frá nefndarstörfum, sbr. 49.gr. sveitarstjórnarlaga. Hins vegar mega fulltrúar sem ekki eru aðal- eða varamenn í sveitarstjórn segja sig frá nefndarstörfum hvenær sem er á kjörtímabilinu og er þá annar fulltrúi skipaður í staðinn.“*

Undirritaður hefur rætt þessi nefndarmál við fulltrúa lögfærðideildar Sambands íslenskra sveitarfélaga, s sem og hefur þetta verið rætt við gerð stjórnvísuúttektar, á vegum KPMG. Það eina sem þar hefur komið fram, var ábending um mikilvægi þess að fram komi það tímabil sem einstaklingur hverfi frá nefndarstörfum. Undirritaður minnst þess ekki að skipa hafi þurft nefndarmenn sérstaklega, eftir að þeir höfðu samþykkt að taka sæti í nefndum, það hafi verið kynnt og samþykkt af sveitarstjórn á sveitarstjórnarfundum. Sveitarstjórn Strandabyggðar hefur staðfest alla þessa einstaklinga sem nefndarmenn á formlegum sveitarstjórnarfundum.

Að lokum veltir bréfitari því fyrir sér hvort þessi „ólöglega“ skipan hafi haft áhrif á starfsemi nefndarinnar. Svárið við þeim vangaveltum er einfalt; nei.

### **Niðurlag**

Sveitarstjórn Strandabyggðar mun taka mið af þeim ábendingum sem fram koma í bréfi viðkomandi, eins og hægt er, enda hefur það alltaf legið fyrir, að sveitarstjórn Strandabyggðar leitast ávallt við að vinna faglega og rétt í öllum málum. Þess vegna höfum við ávallt leitað til Lögfræðideildar Sambands íslenskra

sveitarfélaga og til lögmans sveitarfélagsins, ef um álitamál er að ræða. Eins var þetta rætt í þaula við fulltrúa KPMG, við gerð stjórnsluúttektar.

Við teljum okkur því hafa unnið þetta verkefni eins og best var á kosið, miðað við þær upplýsingar og ábendingar sem við höfðum.

Hólmavík 10. Júní 2023

Þorgeir Pálsson

Oddviti/sveitarstjórn Strandabyggðar